


Fjarðabyggð og Fljótsdalshérað standa best að vígi gagnvart landþjónustu við olíuleit og -vinnslu

Fagleg úttekt á staðarvali fyrir þjónustumiðstöð vegna fyrirhugaðrar olíuleitar og -vinnslu á Drekasvæðinu sýnir að Fjarðabyggð og Fljótsdalshérað standa best að vígi. Niðurstaðan staðfestir sameiginleg sóknarfæri sveitarfélaganna í atvinnuþróun og nýsköpun. Miklir möguleikar eru til staðar í tengslum við fyrirhugaða olíuleit á Drekasvæðinu, en teygja sig þó víðar og inn á fleiri svið samfélagsins.

Úttektina vann verkfræðistofan og samkvæmt niðurstöðum hennar standa Fjarðabyggð og Fljótsdalshérað í sameiningu best að vígi bæði hvað aðstöðu varðar og samfélagslega innviði. Var heildarskor sveitarfélaganna samanlagt 92,2 stig af 100 mögulegum. Niðurstaðan er nokkuð afgerandi, en rétt tæplega tíu stig skilja að hæsta og næst hæsta skor og liðlega 50 stig það hæsta og lægsta.



Forsendur staðarvalsmatsins

Staðarvalsmatið nær til Vestfjarða, Norðurlands og Austurlands og eru fimm matsþættir lagðir til grundvallar niðurstöðunni. Þeir eru hafnarmannvirk og landrými, flugvellir, flugþjónusta og flugleiðsaga, samgöngur, samfélag og þjónusta og náttúruvá. Styrkleikar og veikleikar hvernar staðsetningar eru metnir út frá hverjum matsþætti á 0-100 stiga kvarða, en alls voru sex staðir á landinu metnir á þessum grunni út frá rúmlega 10 sveitarfélögum.

Vægi þáttanna er þrískipt. Hafnarmannvirki, landrými, flugvellir, flugþjónusta og flugleiðsaga vega þyngst og samgöngur næst þyngst. Í þriðja og síðasta flokknum koma síðan samfélag og þjónusta og náttúruvá.

Nýr samstarfsvettvangur tveggja stærstu sveitarfélaga Austurlands

Þann 3. desember sl. undirrituðu Páll Björgvin Guðmundsson, bæjarstjóri Fjarðabyggðar og Björn Ingimarsson, bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs samning sveitarfélaganna um samstarf vegna landsþjónustu við fyrirhugaða olíuleit á Drekasvæðinu. Samstarfið leiðir stýrihópur skipaður fulltrúum beggja aðila og er þetta jafnframt er í fyrsta sinn sem sveitarfélögin stofna til samstarfs af þessum toga.

Með samstarfinu var stigið mikilvægt skref í átt að auknu samstarfi sveitarfélaganna í atvinnuþróun og nýsköpun, en heita má ljóst að möguleikarnir liggja víða. Nú þegar hafa sveitarfélögin átt góðu samstarfi að fagna m.a. í verkefnum innan félagsþjónustu, auk sameiginlegra verkefna sveitarfélaga á Austurlandi, nú síðast í þróun almenningsamganga innan landshlutans.